

SAMÞYKKTIR VORFUNDAR, 1984

---

ÚRDRÁTTUR ÓR FUNDARGERDUM

"Kvennalistinn setur sér þá vinnureglu að skipt sé um konur í öllum nefndum, á vegum hreyfingarinnar, á ársfresti. Hámarkstímalengd í nefnd sé tvö ár." Framkvæmdaráð ákveður nánar um tilhögun og fundartíma vegna skiptingarinnar.

TILLAGA KRISTÍNAR JÓNSDÓTTUR, REYKJAVÍK

"Fundurinn ályktar að látið skuli reyna á hvernig löggjafinn túlkar hugtakið varapíngmaður þegar beðið er um þingmann eða varapíngmann í einhverja nefnd." Tillögunni var vísað til framkvæmdaráðs sem mun sjá um að halda umræðunni áfram.

NIÐURSTÖÐUR ÓR HÓPVINNU

- Framkvæmdaráð komi því í kring að konur sem sitji í nefndum kynni störf sin á fundum.
- Framkvæmdaráði var falið, í haust, að skrifa félögum og samtökum og bjóða kynningu á Kvennalistanum.

AÐRAR TILLÖGUR

- A. Hugmyndabanki verði til, þannig að góðar hugmyndir glatist ekki.
- B. Gæta þarf þess að meta ekki (alltaf) málstaðinn ofar auglýsingagildi.
- C. Mynda þarf hóp um greinaskrif. Greinaskrifin verði skipulögð sem hópvinna.
- D. Fylgja þarf ráðstefnum betur eftir.
- E. Stefnt verði að því að félagsfundir staðni ekki í ákveðnu formi, en verði breytilegir.  
Dæmi: Umræður í hópum, orðið látið ganga. Hafa ekki fundi niðri á Vík eingöngu.

Til að vekja athygli og umræðu:

1. Námskeið í greinaskrifum.
2. Námskeið í kvennasögu.
3. Námskeið í samskiptum.
4. Opið hús.
5. Borgarafundir (t.d. um skemmtiatriði, kvennapólítik, málefni aldraðra).
6. Vinnustaðafundir.
7. Fundir í heimahúsum.

